

## Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

\*\*\*\*\*

### 24. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki mánudaginn 16. mars 2020. Fundurinn var með rafrænum hætti gegnum fundarbúnaðinn Teams kl. 15:00.

Mætt frá byggingarnefnd: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Helga Sighvatsdóttir, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Óðinn K. Andersen, Magnús Gíslason, Ragnar Ómarsson Verkís, Eiríkur Steinn Búason Verkís sem ritaði fundargerð. Atli Marel Vokes, Birgir Edwald og Þorsteinn Hjartarson boðuðu forföll. Mætt frá hönnuðum: Ögmundur Skarphéðinsson og Ólafur Hersisson frá Hornsteinum, Arinbjörn Friðriksson og Kári Gunnarsson frá Eflu.

- 1) Eiríkur Steinn fór yfir þá vinnu sem innt hefur verið af hendi undanfarna daga og vikur:
  - a. Skýrslu frumhönnunar skilað föstudag 28.02.2020
  - b. Byggingarnefnd fundar um skýrsluna fimmtudag 5. mars:
    - i. Þættirnir byggingarlýsing, framkvæmdartími og kostnaður voru til umræðu
    - ii. Nokkur atriði úr byggingarlýsingunni: Þakuppbygging, hæð hurða, rennihurðir á útidyrum, þakgluggar og birtustýringar, efnisval í rafmagnsbúnaði eins og rofum, umræða um lofthæð í æfingasal og fjölnotasal með tilliti til hljómburðar.
    - iii. Vilji nefndar að halda í upprunaleg tímamarkmið sem sett voru fram í útboðsgögnum, þ.e. útboð jarðvinnu í vor og haust og opnun skólans í ágúst 2021.
  - c. Fundur haldinn með hönnuðum mánudag 9. mars. Eiríkur, Atli og Arna funda með hönnuðum á skrifstofu Verkís á Selfossi:
    - i. Farið yfir punkta byggingarlýsingar sbr. lið b.ii. hér að ofan.
    - ii. Farið yfir vilja nefndar að halda í upprunalega tímaáætlun verks sbr. lið b.iii. hér að ofan og vilja sveitarfélagsins að hönnunarvinna sem eftir er falli innan skilyrða útboðsgagna og tilboðs hönnuða.
    - iii. Ákveðið að Verkís hitti hönnuði til að fara yfir möguleika til kostnaðarlækkunar á fyrirliggjandi hönnun, rýna í verkþætti kostnaðaráætlunar.
  - d. Fundur haldinn með hönnuðum þriðjudag 10. mars. Eiríkur og Ragnar frá Verkís ásamt Arinbirni, Kára frá Eflu ásamt faghönnuðum tæknikerfa:
    - i. Forsendur kostnaðaráætlunar útboðsgagna fyrir hönnun og kostnaðaráætlun frumhönnunar var til umræðu og borin saman.
    - ii. Ákveðið á þeim fundi að hönnuðir uppfæri kostnaðaráætlun og sendi uppfærða frumskýrslu.
    - iii. Ákveðið einnig að hönnuðir stilli upp mögulegum sparnaðarkostum og geri grófa áætlun á sparnaði.
    - iv. Hönnuðir senda föstudaginn 13. mars teikningar og minnisblað sem lýsa sparnaðarleiðum og minnisblað varðandi sparnað og afleiddan kostnað. Hönnuðir senda uppfærða frumskýrslu með uppfærðri kostnaðaráætlun sunnudaginn 15. mars. Þessir þættir eru til umræðu og kynningar á fundi byggingarnefndar með hönnuðum mánudag 16.3.2020.
- 2) Markmið fundarins er að hönnuðir kynni og yfirfari tillögurnar.

- 3) Ólafur fór yfir teikningar og minnisblað arkitekta sem lýsa sparnaðarleiðum A-D sem þar er að finna, ásamt því að samhliða var fjallað um minnisblað/töflu Eflu varðandi sparnað og afleiddan kostnað fyrir tillögur A-D.
- 4) Farið var yfir uppfærslu á forhönnunarskýrslu en uppfærslan snýr að uppfærslu í kafla 7 um kostnaðaráætlun. Breytingar eru gerðar í mati kostnaðar fyrir lagnir og rafkerfi. Við endurskoðun og yfirferð reyndist kostnaður vegna stýringa í lagnahluta að hluta til vera tvítekinn. Við nánari yfirferð hönnuða á rafkerfum telja hönnuðir réttlæt看legt að lækka kostnað þess hluta lítillega. Þá hafa hönnuðir uppfært óvissuþáttinn, hann er nú 10% en var 12% áður.
- 5) Tómas Ellert fór yfir og útskýrði ráðstöfuðu fé sem sveitarfélagið hefur lagt til verksins í fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins. Sú kostnaðaráætlun sem lögð er fram í frumskýrslu hönnuða er töluvert yfir ráðstöfunarfé samþykkrar fjárfestingaráætlunar fyrir verkefnið og frumhönnun 1. áfanga er um 600m<sup>2</sup> stærri en gert var ráð fyrir í upphaflegri þarfagreiningu byggingarnefndar.  
Á undanförunum dögum hefur átt sér stað vinna við endurskoðun og forgangsroðun verkefna sveitarfélagsins til næstu ára og hefur sú vinna leitt til þess að með hliðrun á öðrum framkvæmdum sveitarfélagsins er unnt að leggja til aukið fé til skólabyggingarinnar. Sú fjárukning mætir að mestu leyti þeirri stækkun á 1. áfanga sem byggingarnefndin hefur samþykkt og sett er fram á teikningum í frumhönnunarskýrslu hönnuða.  
Tómas Ellert lagði áherslu á að heildarkostnaðurinn sem settur er fram í uppfærðri kostnaðaráætlun hönnuða lækki sem nemi um 10-15 % þó að byggingin verði fullgerð að utanverðu, því tækifæri eru í að minnka kostnað við lóð og innanhússfrágang.  
Farið var yfir nokkrar hugmyndir að sparnaðarleiðum, t.d. að horfa til kostnaðar lóðar og fresta einhverjum frágangi innanhúss sem væri þá hægt að ljúka síðar er þörf væri á. Halda mætti í uppbyggingu og kostnað burðarvirkja og frágang utanhúss, en leita leiða til að lækka kostnað við frágang á lóð, lagnir, loftræsingu og rafkerfi, ásamt innanhússfrágangi. Niðurstaða fundarins var að hönnuðir leggi fram hugmyndir að kostnaðarlækkunum á þessum grundvelli og kynni fyrir byggingarnefnd á næsta fundi.
- 6) Á fundinum, líkt og á fundi byggingarnefndar þann 5. mars, lýsti Magnús efasemdum um að framkvæmdatíminn sem lagt er upp með sé raunhæfur, þ.e.a.s. að verklok geti orðið í ágúst 2021.
- 7) Ákveðið að næsti fundur nefndar og hönnuða verði fimmtudag 19. mars kl 14.00 og verði með rafrænum hætti gegnum Teams. Eiríkur boðar fundinn.

Fundi slitið kl. 16:25